

Ed.

326. Nefndarátt

um frv. til laga um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og tekið er fram í hinum mjög svo skýru og ítarlegu athugasemdum, er frv. þessu fylgja og skirskotað skal til, er það borið fram til þess að

samræma löggjöfina íslensku um ríkisborgararjett samskonar löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og til þess að veita konum sjálfstæðari rjett í þessum efnum en þær hafa nú.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum og fellst algerlega á efni þess. Ákvæði frumvarpsins þykja henni yfirleitt ljós og skýr, en hún fellir sig ekki við orðalagið á einstöku stað og leyfir sjer því að leggja til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. Upphaf 2. málsg. orðist svo :
Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá o. s. frv.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna »1. málsg.« í síðari málsg. komi: undanfarandi málsgrein.
3. Við 6. gr. Fyrri málsliður fyrstu málsg. orðist svo :
Íslenskur maður og íslensk kona ógift, sem fædd eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi, missa íslensks ríkisfangs, þá er þau eru fullra 22 ára að aldri.

Alþingi, 13. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form. og frsm.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson.